

## Náttúruverndarstofnun

Rangárþing eystra  
Skipulags- og byggingafulltrúi  
Þóra Björg Ragnarsdóttir  
Austurvegi 4  
860 Hvolsvelli

Garðabær, 12. mars 2025  
202502-0046/S.V.  
08.02

## Efni: Umsögn – Breyting á deiliskipulag - Tjaldsvæði við Skógafoss

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 11.2.2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Ytri-Skóga.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felir í sér tilfærslu á tjaldsvæði Skóga með nýjum aðkomuvegi að tjaldsvæðinu og stæði fyrir 43 bíla, 14 húsbíla og 32 hjólhýsi/ferðahýsi. Breytingin felur einnig í sér að við skipulagið bætist ný salernisaðstaða, tvö ný hreinsivirki, losunarstaður fyrir ferðaklósett og aðstöðuhús og móttaka fyrir nýja tjaldsvæðið. Deiliskipulagið gerir einnig ráð fyrir stækkun á bílastæðum, sem þjónusta ferðamenn sem heimsækja Skógarfoss, um 146 stæði til norðausturs, á svæði sem áður var skilgreint sem lóðir undir ferðapjónustu. Á syðsta parti bílaplansins bætast einnig við 36 stæði. Meðfram Fosstúni/Skógafossvegi og neðan við lóðir verslunar- og þjónustusvæðis er gönguleið bætt við skipulagið. Jafnframt eru lóðir við Fosstún/Skógafossveg stækkaðar niður að umræddri gönguleið.

Náttúruverndarstofnun fagnar fyrirhugaðri færslu á tjaldsvæði og bílastæði sem hafa verið innan friðlýsingarmarka náttúruvættisins Skógafoss. Stofnunin vill þó benda á eftirfarandi:

### Jaðarsvæði

Fyrirhugaðar framkvæmdir skv. fyrirbyggjandi tillögu munu allar falla innan skilgreinds jaðarsvæðis við hið friðlýsta svæði. Náttúruverndarstofnun bendir á að afmörkun jaðarsvæðisins þyrfti að koma skýrar fram í skipulagsupprætti.

### Sérstök vernd

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 2. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 njóta fossar og nánasta umhverfi þeirra sérstakrar verndar að því leyti að sýn að þeim spillist ekki. Hönnun bygginga þyrftu því að taka mið af því.

## Náttúruverndarstofnun

Þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir munu falla innan jaðarsvæðisins austan við hið friðlýsta svæði, vill stofnunin benda á að samkvæmt auglýsingu nr. 477/1987 um friðlýsingu Skógafoss er

### 54.gr. náttúruverndarlaga

Stofnunin bendir á mikilvægi þess að tillagan taki tillit til 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem fjallað sé um í tillögunni hvort landnotkun og framkvæmdir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif á hið friðlýsta svæði. Þetta getur m.a. átt við byggingar, skógrækt, landgræðslu og efnistöku. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Náttúruverndarstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.

### Leyfisveitingar

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í greinargerð að mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi er háð leyfi Náttúruverndarstofnunar að því er tekur til friðlýsta svæðisins, sbr. auglýsingu um náttúruvættið Skógafoss nr. 477/1987. Það á einnig við um mannvirkjagerð innan jaðarsvæðisins sbr. Friðlýsingarskilmála.

Stofnunin tekur fram að umsögn þessi jafngildir ekki leyfi til framkvæmda og þarf að sækja um það sérstaklega til stofnunarinnar.

### Fráveita

Náttúruverndarstofnunin bendir á að tryggja skal að engin mengun verði af frárennsli frá mannvirkjum og allur frágangur frárennislagna og rotþróa skuli vera í samræmi við [lög nr. 99/2009](#) um uppbyggingu og rekstur fráveitna og [reglugerðir nr. 798/1999](#) um fráveitur og skólp og [nr. 799/1999](#) um meðhöndlun á seyru. Til að forðast mengandi efni í frárennsli frá siturlögnum og að það hafi ekki áhrif á gæði nálægra vatnshlota, er mælt til þess að öll efnavara sem notuð er við þrif, uppþvott og taupvott sé umhverfisvottuð skv. evrópskum stöðlum.

### Vatn

Náttúruverndarstofnun bendir á ákvæði 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála sem kveður m.a. á um að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, skulu vera í samræmi við stefnumörkun um vatnsvernd. Mikilvægt er að skipulagið taki mið af [vatnaáætlun](#) 2022-2027 og framangreindum lögum. Umhverfis- og orkustofnun hefur unnið [leiðbeiningar](#) um gerð áhrifamats áætlana á vatnshlot.

### Frágangur innan marka friðlýsta svæðisins

## Náttúruverndarstofnun

Náttúruverndarstofnun óskar eftir samvinnu við sveitarfélagið um endurheimt náttúrulegrar ásýndar innan marka friðlýsta svæðisins, eins og kveðið er á um í gr. 3.5. stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Skógafoss.

Virðingarfyllt,

Sigrún Valgarðsdóttir

**sérfræðingur**

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**